

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 8. des. 2015 kl. 13.30-15 í Nýja Garði.

Mætt voru: Arngrímur Vídalín (fulltrúi stúdenta), Ásdís Egilsdóttir (B&L), Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Björn Þorsteinsson (HEIM), Eiríkur Rögnvaldsson (MVS), Geir Þórarinnsson (SVF), Ragnheiður Kristjánsdóttir (SAGN), Rúnar Már Þorsteinsson (GUÐ), Sólveig Anna Bóasdóttir (RIKK), Valur Ingimundarson (EDDA) og Margrét Guðmundsdóttir (sem ritaði fundargerð). Vilhjálmur Árnason (Sið) boðaði forföll.

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar: Fundargerð frá 24. nóvember var samþykkt.

2. Úthlutun úr Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar: Umsóknir bárust um 29 styrki, fyrir allt að 4.440.000. 27 styrkir voru veittir, einni umsókn hafnað og afgreiðslu annarrar frestað. Alls var því úthlutað 4.060.000 kr. en gera má ráð fyrir að heildarupphæð lækki eitthvað vegna viðburða sem ekki uppfylla skilyrði um hámarksstyrk.

Umsækjandi	Tegund	Vegna	Hámarks-upphæð	Afgreiðsla
B&L - AG	5	Þýð. á sænsku, til <i>Scripta Islandica</i> eða sambærilegs rits	50.000	Samþykkt.
B&L - DN	5	Málfráðgjöf v/bókar á ensku, ritrýnd bók	50.000	Samþykkt.
B&L - SYE	5	Þýð. á sænsku, til <i>Scripta Islandica</i>	50.000	Samþykkt.
EDDA	1	Ráðstefna um sjálfsmynd, innlend	125.000	Samþykkt.
GF	2	Málstofa GF á alþjóðl. ráðst.	50.000	Samþykkt.
GF	4	Útgáfa ritraðar, 2 hefti 2015	380.000	Samþykkt.
Hsp	1	Alþjóðleg ráðstefna - On the Conceptual History of the Good	300.000	Samþykkt.
Hsp	4	Útgáfa – Rabbað um veðrið ...	190.000	Samþykkt.
Konf	1	Alþjóðleg ráðstefna - Hvað kennir kínversk heimspeki okkur	300.000	Samþykkt.
Málv.	1	Alþjóðleg ráðstefna - <i>DiGS 17</i>	300.000	Samþykkt.
Málv.	1	Innlend ráðstefna í Kakalaskála	125.000	Samþykkt.
Málv.	4	Útgáfa: Skrifaðu bæði ...	190.000	Samþykkt.
Málv.	4	Útgáfa: Tilbrigði II	190.000	Samþykkt.
Mið.	1	Alþjóðleg ráðstefna um Jón Halldórsson	300.000	Samþykkt.
Sagnfr.	4	Útgáfa: Bók Sverris Jakobssonar	190.000	Samþykkt.
Sagnfr.	4	Útgáfa: Tvær eyjar...	190.000	Samþykkt.
Sagnf.	1	Innlend ráðstefna: Minni, frásögn og munnleg saga	125.000	Samþykkt.
Sagnfr.	3	Erl. fræðimaður: Gro Hagemann	100.000	Samþykkt.
Sagnfr. - GTh	5	Yfirllestur texta ritrýndrar bókar á ensku	50.000	Samþykkt.
Siðfr.	4	Útgáfa: Hugsað með Vilhjálmi	190.000	Samþykkt.
Siðfr.	3	Erl. fræðimaður: Angus Dawson	100.000	Samþykkt.
SVF – AH	5	Yfirllestur greinar til birtingar í tímaritinu <i>Linguistik online</i>	50.000	Samþykkt.
SVF – HG	5	Yfirllestur bókarkafla + greinar á spænsku	50.000	Samþykkt.
SVF	3	Erl. fræðimaður: Lydia Gil Keff	100.000	Samþykkt.

SVF	1	Innl. ráðstefna: Vesturíslenskt mál og menning	125.000	Samþykkt.
SVF	4	Útgáfa: 1. Albert Camus. 2014. <i>Rangan og réttan</i> 2. <i>An Intimacy of Words / Innileiki orðanna.2015</i>	380.000	Camus: Hafnað v/útgáfuárs. An Intimacy ...: Samþykkt
Þýð	4	Að jaðri heims (ljóðabókin Weltrandhin)	190.000	Frestað.

3. *Ritið*: Ástráður kynnt fyrirhuguð tengsl milli Hugrásar og Ritsins, þannig að einn og sami fastaritstjóri yrði á báðum stöðum en hefði að auki með sér a.m.k. þriggja manna ritnefnd. Að hverju hefti ritsins kæmi einni ritstjóri sem ritnefnd réði til verksins. Stjórn leist vel á þessa tilhögun en bent var á að stundum gæti hentað að hafa tvo ritstjóra auk hins fasta, að fjölga mætti í ritnefnd og tryggja þyrfti faglega fjölbreytni innan hennar. Þá var rætt um hversu langur skipunartími ritnefndar skyldi vera og talið óæskilegt að hafa hann mjög stuttan. Einnig kom fram að óæskilegt væri að endurnýja alla ritnefndina í einu. Ástráður tók að sér að vinna frekar að þessu. Í umræðunni kom einnig til tals að Ritið væri ekki enn komið inn á timarit.is og mun Margrét kanna hverju það sætir.

4. *Ný stofa innan Guðfræðistofnunar*: Á síðasta fundi var rætt um hugmyndir um stofu innan Guðfræðistofnunar á sviði trúfræði, kirkjusögu og kennimannlegrar guðfræði. Ákveðið var að taka upp það verklag að kalla eftir rökstuðningi fyrir nýjum stofum, um faglegan og praktískan ávinning. Í kjölfarið var umræðan tekin innan Guðfræðistofnunar með þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á stofunni heldur rúmaðist starfsemin vel innan Guðfræðistofnunar sjálfar.

Önnur mál: Valur sagði stuttar fréttir frá starfi Vísindanefndar sem voru helstar að fagraði gengi óvenjuvel að vinna úr umsóknum.

Fundi slitið um kl. 15.30